

# MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

STÆ 313

HAUSTÖNN 2011

- KENNARI:** Pétur Örn Birgisson
- NEMENDUR:** Áfanginn er kenndur í 3. bekk á málabraut.
- ÁFANGALÝSING:**
- a) **Framsetning talnasafna.** Töflur og myndræn framsetning.
  - b) **Einkennistöflur talnasafna.** Meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi, meðalvik, staðalvik.
  - c) **Líkindareikningur.** Talningarfræði, líkindahugtakið, skilyrt líkindi, háðir og óháðir atburðir.
  - d) **Líkindadreifingar:** Tvíkostadreifing og normaldreifing.
  - e) **Fylgni.** Fylgnistuðull Pearsons, raðfylgni.
- NÁMSEFNI:** Jón Þorvarðarson. 1991. *Tölfræði*. Mál og menning. ( Í bókabúð).
- ÁFANGAMARKMIÐ:**
- Að nemendur verði færir um að skilja og nota þau hugtök og táknmál stærðfræðinnar sem kynnt eru í þessum áfanga og beita þeim við lausn ýmissa viðfangsefna, bæði í daglegu lífi og í námi margra annarra greina.
- Að kynna helstu hugtök og algengustu aðferðir við söfnun, framsetningu og úrvinnslu tölulegra upplýsinga svo að nemendur verði læsir á slíkar heimildir og færir um að vinna við þær sjálfir. Að kynnast undirstöðum líkindareiknings.
- KENNSLUÁÆTLUN:**
- |               |           |
|---------------|-----------|
| Hluti a)..... | 2 vikur   |
| Hluti b)..... | 2 vikur   |
| Hluti c)..... | 4-5 vikur |
| Hluti d)..... | 3 vikur   |
| Hluti e)..... | 1-2 vikur |
- Ætlast er til að nemendur leysi flest öll dæmi æfinganna.
- NÁMSMAT:**
- Eitt hópaverkefni gildir 10% og eitt einstaklingsverkefni gildir 5% í lokaeinkunn.
- Þrjú 40 mín. tímaverkefni, þar sem tvö hæstu gilda samtals 15% í lokaeinkunn.
- Fyrsta verður lagt fyrir eftir að hlutum a og b er lokið.  
annað eftir að hluta c er lokið og  
þriðja eftir að hluta d er lokið.
- Lokapróf er 120 mínútur og gildir það 70% í lokaeinkunn.  
Upptökupróf í áfanganum vegur 100%.